

Heimsókn Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningarmála-ráðherra

Tilfni heimsóknarinnar var fyrst og fremst að sýna Lilju það fjölbreytta starf sem fer fram á listnámsbrautum skólans og hefja á ný baráttu fyrir viðbyggingu fyrir listnám og sérnámsbraut skólans. Ráðherra gekk um skólann í fylgd nemenda og stjórnenda og var alls staðar vel tekið. Heimsóknin sem var fimmtudaginn 10. janúar var skemmtileg og var öllum ljóst að hér í skólanum er boðið upp á fjölbreytt og kröftugt nám.

Það hefur lengi verið ósk okkar hér í skólanum að fá viðbyggingu við skólann og var árið 20017 búið að skrifa undir samning um byggingu og búið að skipa byggingarnefnd. Jafnframt var búið að fara fram þarfagreining og búið að leggja fram fyrstu teikningar sem má sjá á næstu síðu. Þessi áform voru lögð á hilluna í kjölfar efnahagshrunsins og hafa ekki verið tekin fram aftur.

Síðan skrifað var undir samning hefur leiklistarbraut bæst við sem hluti af listnámi og þarf hún mikið pláss fyrir sína starfsemi. Nú er svo komið að hver krókur og kimi í skólanum er nýttur og dugur ekki til.

Jafnframt hefur Garðabær stækkað mikið og mikil stækkun stendur fyrir dyrum og umframaðsókn sem verið hefur að skólanum mun ekki minnka.

Þegar á allt er litið er að okkar mati ljóst að FG þarf á þessari stækkun að halda að það er von okkar að heimsókn ráðherra sé gott fyrsta skref í þessari baráttu okkar fyrir stækkun skólans.



Góð skólasókn nýnema

Það er gaman að segja frá því að nýnemar mæta vel í skólann. Meðalskólasókn nýnema á haustönn er rúmlega 95% og mjög margir eru með 100% mætingu. Góð skólasókn auðveldar margt og gerir það að verkum að nemendur geta fengið skammtíma veikindi niðurfelld í lok annar og leyfi vegna persónulegra ferða samþykkt.

Hægt er sjá skólasóknarreglur FG [hér](#).

Skólasókn og námsárangur

Það kemur kannski ekki á óvart að skólameistari telji að skólasókn og námsárangur haldist í hendur. Til að athuga það þá var könnuð fylgni á milli lokinni eininga á síðustu önn og raunmætingar. Fylgnin var 70% sem er verulega há fylgni og skýrir hugsanlega 50% af dreifingunni ef notað er tungumál tölfræðinnar. Nú þarf fylgni ekki endilega að sýna orsakasamband en gefur okkur óneitanlega mjög sterka vísbendingu um að góð skólasókn er afar mikilvæg. Því hvet ég foreldra til að fylgjast vel með skólasókn og nemendur til að mæta vel í skólann. Það mun skila sér í betri árangri.

FG – FRÉTTIR



1. tbl. 36. árgangur

11. janúar 2019

Ábm. Kristinn Þorsteinsson

Fyrirhuguð viðbygging er austan við skólann og þekkt af hálfhringnum sem örin bendir á.

